

Norðurál ehf
Grundartanga
301 Akranes

Reykjavík, 15. janúar 2021
UST202003-035/H.E.
08.07.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 24.11.2020 í Norðurál Grundartanga

Þann 24.11.2020 og 27.11.2020 fór fram eftirlit í Norðurál Grundartanga. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Einni ábendingu var komið á framfæri er varðar skráningar á förgun stórsekkja í flæðigryfjur.

Eitt frávik kom fram er varðar

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Árlega skal meta losun PAH efna sem og heildarlosun þungmálma, PCDD og PCDF en slíkt mat hefur ekki farið fram frá síðustu mælingum sem voru gerðar 2016.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 29.1.2021.

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir

Steinunn Karlsdóttir